



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
á málþinginu
„Skapandi greinar í ríki Vatnajökuls“
Höfn í Hornafirði
26. apríl 2006**

Ágætu málþingsgestir

Í fyrra kom út bók í Bandaríkjunum sem vakið hefur mikla athygli og hið virta blað Financial Times valdi merkustu bók ársins. Höfundurinn, Thomas Friedman er víðkunnur fyrir skrif sín, bæði bækur og greinar, helsti dálkahöfundur stórblaðsins New York Times í alþjóðamálum og hefur hlotið margvísleg verðlaun og viðurkenningar.

Bókin ber heitið „The World is Flat“ og er viðfangsefni hennar að greina víðtækar breytingar sem alþjóðavæðing, tölvutækni og upplýsingabyltingin hafa haft og munu enn frekar hafa í framtíðinni á efnahagskerfi, atvinnulíf og samkeppni þjóða og fyrirtækja, einkum hvernig netvæðingin hefur skapað hverjum sem er tækifæri til að láta að sér kveða.

Nýjungar geta nú komið úr öllum áttum. Hönnuður í indversku þorpi og frumkvöðull í íslenskri sveit eiga bjarta framtíð fyrir höndum því hindranir sem áður voru í vegi hafi verið teknar burt. Forréttindin sem fjárhagsstyrkur eða valdastólar skópu áður heyra nú sögunni til. Veröldin er orðin flöt; allir komnir í sömu stöðu. Gömul drottunarstaða, hvort heldur á markaðstorgum eða innan valdastofnana þjóðfélagsins, er ekki lengur sami lykill og áður var. Nú eru það aðrir þættir sem skipta sköpum.

Niðurstaða Thomasar Friedman er einkar skýr. Það sem úrslitum ræður er hið skapandi hugarflug, hæfileikinn til að fara nýjar leiðir, að hafa til að bera ferska hugsun, frumleika í ríkum mæli.

Hvorki fjárhagsstyrkur né skipulagsvígi, höfuðstöðvar í skýjakljúfum eða musteri ráðuneyta, né heldur ítök í gömlum valdastólum, geta fært sömu sigurlaun og á fyrri tímum. Skapandi einstaklingur, hópur með hugmyndir, íbúar í fámennum byggðarlögum

geta nú á skömmum tíma náð árangri sem skákar þeim sem héldu að gömul tromp gerðu þeim kleift að ráða för um alla framtíð.

Að hin skapandi hugsun sé orðin áhrifaríkust í hagkerfi heimsins er slík breyting, nánast bylting, að helst er hægt að jafna við söguleg þáttaskil á fyrri öldum. Hún er þó um leið fagnaðarefni því hún opnar þúsundir af nýjum tækifærum, gefur öllum kost á að láta að sér kveða, gera sig gildandi, nýta efniviðinn sem felst í sköpunargáfu og færa þannig sér og sínum aukna hagsæld.

Líklega hafa ýmsir efasemdir um sannleiksgildi þessarar sýnar, en rifjum þá upp hvernig tveir strákar í bílskúr lögðu grundvöll að Microsoft og skákuðu á skömmum tíma öllum ríkustu mönnum heims; og einnig hvernig félagarnir ungir að árum sem stofnuðu Google komust á nokkrum árum í fremstu röð.

Árangurinn sem við Íslendingar höfum séð í útrásinni er sömu ættar. Hugmyndaauðgi, atorka og reynsla sem fékkst á litlum heimavelli hafa reynst frábært veganesti. Fyrirtækin sem nutu þessara eiginleika hafa orðið athafnasöm í öðrum löndum, jafnvel nokkur náð að verða stærst í sinni grein eða meðal þeirra fremstu í veröldinni.

Það er því vel til fundið að efna hér til samræðna um skapandi greinar í ríki Vatnajökuls, um auðlegðina sem býr í fólkinu sjálfu, um tækifærin sem hin sérstaka náttúra færir ykkur, um fjársjóðinn sem býr í sögu og menningu Skaftfellinga.

Slík áhersla í umræðum um framtíðina er ekki aðeins í takt við þær niðurstöður sem æ fleiri gera að sínum, að sköpunarkrafturinn sé ráðandi þáttur og verði það enn frekar í framtíðinni; hún tekur líka mið af verðmætunum sem sérstaðan skapar.

Á markaðstorgi viðskiptanna er í æ ríkara mæli viðurkennt að samkeppnisstaðan skaðist við að líkjast öðrum. Það er ekki lengur boðorð dagsins að allir séu eins. Þvert á móti verður sérstaðan, eiginleikar sem eiga sér djúpar rætur á heimavelli, í auknum mæli forsenda þess að ná árangri sem skiptir sköpum.

Fáir eru í þessum efnum eins vel í sveit settir eins og Skaftfellingar því hér ákvað almættið á sínum tíma að reisa töfrahöll sköpunarverksins.

Ég gerði að umræðuefni á fjölskylduhátíðinni sem við höldum í gær að á komandi árum myndi mikill fjöldi sem nú er að efnast í fjarlægum álfum stefna för á ykkar slóðir til að njóta stórbrotinnar náttúrunnar, sjónaspilsins sem máttaröflin hafa sett hér á svið, víðáttunnar, jöklasýnar, svartra sanda, gróðurlendis sem kallast á við umbrotin frá eldgosunum.

Slík náttúruvegurð á sér engan líka í veröldinni, er í ætt við hulduheima, fjársjóður ekki aðeins fyrir okkur heldur einnig mannkyn allt, bæði nú en þó enn frekar í framtíðinni.

Milljónir sem í borgum búa geta öðlast hér einstaka reynslu, skynjað sköpunarkraftinn í almættinu, fundið hve veikburða maðurinn er andspænis ógnarkröftum náttúrunnar.

Hundruð þúsunda munu vilja koma hingað, ekki aðeins á sumrin heldur jafnvel að vetri því æ fleiri sækjast nú eftir því að njóta birtunnar sem þá leikur um fjöllin, sjá jöklana í skammdeginu, fara um sanda í ljósaskiptum eða vetrarmyrkri og horfa upp í stjörnuþjartan himininn þar sem norðurljósinn stíga dans.

Engin atvinnugrein vex hraðar í veröldinni en ferðamennskan og mun þó sá vöxtur fyrst keyra um þverbak þegar hundruð milljóna Kínverja og Indverja fara að halda um heiminn í leit að töfrastöðum og ævintýrum.

Ég áréttá þessi ummæli hér því það mun reynast vandaverk að taka á móti þessum mikla fjölda, en jafnframt felast í því heillandi tækifæri, tækifæri til að skapa góðu gestum nýja reynslu, gera úr menningu og sögu byggðarlagsins hugmyndaheim sem hefur boðskap að færa, veita ferðalöngum sem hingað koma bæði minningar og góða gripi sem þeir færa með sér heim.

Ég hef stundum haft á orði að kannski er návígið við náttúruöflin ein ástæða þess að Íslendingar hafa verið hugmyndaþekkir, reiðubúnir að skapa sjálfir hvort heldur er stökur, ljóð, góðar sögur eða fagurt handverk og á okkar tímum sent út í heim umsvifamikil athafnaskáld.

Enda er hér allt á iði, jarðskjálftar, eldgos og jökulhlaup; Skaftá nýlega að minna á sig, en í mörgum öðrum löndum gerist ekkert öldum saman.

Sköpunarkrafturinn í náttúrunni hefur örugglega víðtæk áhrif á sálarlífið, á hugsun og menningu sem mótast hafa í áranna rás. Því eruð þið Skaftfellingar öfundsverð af arfleifðinni, einkum nú þegar hið skapandi hugarflug, sköpunarkrafturinn í fólkinu sjálfu, er orðið helsta hreyfiafl framfaranna.

Ég vona því að málþingið sem við hefjum hér verði grundvöllur að nýrri sýn, áherslum sem skila muni góðum verkum og styrkja þá trú íbúanna að heimaslóðir búi yfir ríkulegum eiginleikum sem fært geti bæði hagsæld og velferð í framtíðinni.

Það yrði mér gleðiefni að fá að fylgjast með niðurstöðum sem samræðurnar kunna að skapa og skrefunum sem stigin verða.

Með þeim orðum og árnaðaróskum er málþinginu ýtt úr vör.